



Borgarráð

### ***Tillaga um stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu***

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í að stofna opinbert hlutafélag, Betri samgöngur ohf., um uppbyggingu samgönguinnviða með aðild ríkissjóðs, Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, og Seltjarnarnesbæjar, sbr. heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, og leggi félaginu til hlutafé við stofnun þess með áskrift hluta að nafnvirði kr. 563.390,- í samræmi við fyrirhugaðan eignarhlut Reykjavíkurborgar í félaginu eða 14,085%.

Greiðsla hlutafjár verður með þeim hætti að Reykjavíkurborg innir af hendi kr. 563.390,- með eingreiðslu í reiðufé til félagsins samhliða stofnun þess.

Þá er til samræmis við framangreint lagt til að borgarráð samþykki stofnsamning og hluthafasamkomulag fyrir Betri samgöngur ohf., sbr. hjálögð skjöl, og feli borgarstjóra að undirrita þessi skjöl fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillöguna og vísi til staðfestingar borgarstjórnar.

### ***Greinargerð***

Ný samgönguáætlun og frumvarp um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hafa verið samþykkt á Alþingi. Lög nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, voru sett á grundvelli og til samræmis við 6. gr. í samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefndur „Samgöngusáttmáli“). Samkvæmt 1. grein laga nr. 81/2020, sem hefur að geyma heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, hafa Ríkissjóður Íslands, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær ákveðið að stofna félagið, Betri samgöngur ohf., til að annast um framkvæmd verkefnisins.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 81/2020 og hjálögðum drögum að stofnsamningi og

hluthafasamkomulagi skal tilgangur félagsins vera sá að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningssamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Þá skal félagið hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

Samkvæmt hjálögðum drögum að hluthafasamkomulagi og stofnsamningi verður hlutafé félagsins kr. 4.000.000,- fjóramilljónirkróna - og skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þar af. Hlutir skulu hljóða á nafn og mun eitt atkvæði fylgja hverri krónu í hlutafé. Hver hlutur skal vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirra.

Stofnendur félagsins munu vera eftirtaldir aðilar sem munu skrifa sig fyrir hlutum með neðangreindum hætti:

Nafn	Kennitala	Nafnverð hlutaf.	Hlutfall %
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	3.000.000,-	75%
Reykjavíkurborg	530269-7609	563.390,-	14,085%
Garðabær	570169-6109	72.704,-	1,818%
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	128.817,-	3,220%
Kópavogsbær	700169-3759	162.970,-	4,074%
Mosfellsbær	470269-5969	51.847,-	1,296%
Seltjarnarnesbær	560269-2429	20.272,-	0,507%

Hlutdeild hluthafa í stofnfé félagsins skiptist í samræmi við fyrirhugaðan eignarhlut þeirra í félaginu eða 14,085% og 563.390 krónur hjá Reykjavíkurborg.

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt að koma sér saman um innbyrðis breytingu á eignarhlutum félagsins. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en stofnfjáreigenda.

Hagnaði ef einhver verður skal einungis varið til uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.

Við slit félagsins munu eignir þess og skuldbindingar ganga til eigenda í samræmi við eðli og gerð samgönguframkvæmda og eignarhluta eigenda. Einstökum mannvirkjum skal ráðstafað til þeirra sem bera ábyrgð á viðkomandi mannvirki samkvæmt gildandi lögum hverju sinni og samkomulagi aðila. Aðrar eignir félagsins, ef einhverjar verða, munu renna til eigenda eða til

verkefna sem þeir ákveða að fjármagna.

Samkvæmt hjálögðum drögum að hluthafasamkomulagi mun stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fara með eigendaumboð fyrir þau sveitarfélög sem aðild eiga að félaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2020, og koma fram fyrir þeirra hönd innan félagsins og á hluthafafundum. Umboð þetta verður óafturkallanlegt af hálfu einstakra sveitarfélaga á meðan hluthafasamkomulagið er í gildi.

Eins og kemur fram í hjálögðu bréfi SSH, dags. 20. ágúst 2020 liggja nú fyrir hjálögð drög að stofnsamningi, hluthafasamkomulagi og stofnsamþykktum fyrir félagið Betri samgöngur ohf. sem unnin voru í sameiningu af hálfu fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins og SSH.

Hjálögð drög að stofnsamningi, hluthafasamkomulagi og stofnsamþykktum fyrir félagið eru í samræmi við efni Samgöngusáttmálans og ákvæði laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf SSH til borgarráðs um stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. ágúst 2020

Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Betri samgöngur ohf. dags. ágúst 2020

Stofnsamþykktir fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf. ódagsett

Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf. ódagsett



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## **Borgarráð Reykjavíkur**

Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 20. ágúst 2020  
Málsnr. 2003010/PBG

### **Varðar: Stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu**

Á stjórnarfundi SSH hinn 7. ágúst 2020 var eftirfarandi bókað:

#### **1. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010**

*Ný samgönguáætlun og frumvarp um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hafa verið samþykkt á Alþingi. Nú liggja fyrir drög að samþykktum fyrir hlutafélagið og hlutahafasamkomulagi sem taka þarf afstöðu til. Skrifstofa SSH hefur yfirfarið umrædd drög og sett fram ákveðnar breytingartillögur.*

*Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynna drög að samþykktum og hlutahafasamkomulagi og tillögur til breytinga á þeim. Umræður.*

#### **Niðurstaða fundar:**

*Framkvæmdastjóra SSH er falið að koma breytingartillögum SSH, að teknu tilliti til umræðna fundarins, á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Við þá vinnu verði jafnframt haft samráð við fulltrúa SSH í stýrihópnum. Í kjölfar þess verði umrædd drög, ásamt þá áorðnum breytingum, send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu.*

Í samræmi við ofangreint hefur áframhaldandi vinna við drög að samþykktum, stofnsamningi og hlutahafasamkomulagi fyrir félagið Betri samgöngur ohf., átt sér stað með samstarfi SSH og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Endanleg drög liggja nú fyrir og eru hjálögð.

Stofnun umrædds hlutafélags er heimiluð með lögum um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykkt voru á Alþingi hinn 29. júní 2020. Sú löggjöf grundvallast á 6. gr. samkomulags um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum (Samgöngusáttmálinn), milli íslenska ríkisins

annars vegar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hins vegar, frá 26. september 2019, þar sem fjallað er ítarlega um verkefni og fjármögnun Samgöngusáttmálans og hvernig fyrirkomulag samstarfs skuli vera. Vakin er sérstök athygli á gr. 1.2 í hluthafasamkomulaginu, en þar er kveðið á um að stofnfé félagsins sé 4.000.000 kr., og skiptist hlutur sveitarfélaganna með þeim hætti sem þar segir. Greiðsla þarf að fara fram samhliða stofnun félagsins.

Til að stofnun félagsins geti átt sér stað þarf samkvæmt framansögðu að liggja fyrir samþykki þess að sveitarfélagið taki þátt í að stofna umrætt opinbert hlutafélag og leggi hlutafélaginu til stofnfé í samræmi við ofangreint. Jafnframt þarf að liggja fyrir samþykki þess að framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirriti stofnsamning og hluthafasamkomulag hlutafélagsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samkvæmt ofangreindri bókun stjórnarfundar SSH er því hér með farið fram á að meðfylgjandi verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Betri samgöngur ohf.
- b) Stofnsamþykktir fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf.
- c) Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf.

---

# HLUTHAFASAMKOMULAG

UM STJÓRNSKIPULAG OG EIGNARHALD

MILLI

ÍSLENSKA RÍKISINS

OG

SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

---

BETRI SAMGÖNGUR OHF.

ágúst 2020

## HLUTHAFASAMKOMULAG

Fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs (ríkið)

og

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fyrir hönd Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness,

gera með sér eftirfarandi hlutahafasamkomulag í tengslum við eignarhald og stjórnskipulag í félaginu [„Betri samgöngur“ ohf. ], hér eftir nefnt „félagið“.

### 1 FÉLAGIÐ

- 1.1 Í samræmi við 6. gr. í samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu, (hér eftir nefndur „Samgöngusáttmáli“) og 1. grein laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, hafa aðilar stofnað félagið, Betri samgöngur ohf., til að annast um framkvæmd verkefnisins.
- 1.2 Stofnfé félagsins skal vera kr. 4.000.000 - fjórar milljónir króna. Hlutfé félagsins skipist á milli hluthafa þess með eftirfarandi hætti:

Nafn	Kennitala	Nafnverð hlutaf.	Hlutfall %
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	3.000.000,-	75%
Reykjavíkurborg	530269-7609	563.390,-	14,085%
Garðabær	570169-6109	72.704,-	1,818%
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	128.817,-	3,220%
Kópavogsbær	700169-3759	162.970,-	4,074%
Mosfellsbær	470269-5969	51.847,-	1,296%
Seltjarnarnesbær	560269-2429	20.272,-	0,507%

- 1.3 Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

- 1.4 Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem stjórn leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi í samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.
- 1.5 Félagið skal með sérstökum samningi taka við landi ríkisins að Keldum eða öðru sambærilegu landi og þeim réttindum sem því tengjast og sjá um þróun þess í samvinnu við viðeigandi skipulagsyfirvöld með það að markmiði að hámarka virði landsins og uppbyggingu þess. Allur ábati af þróun landsins skal, að frádregnum lögboðnum sköttum og gjöldum, að fullu nýttur til fjármögnunar fyrrgreindra framkvæmda og reksturs félagsins. Um fjármögnun verkefnisins fer að öðru leyti eftir því sem kveðið er á um í Samgöngusáttmálanum.
- 1.6 Þegar framkvæmdum vegna einstakra verkefna er lokið verða vegamannvirki afhent ríki eða því sveitarfélagi sem ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra í samræmi við ákvæði gildandi laga hverju sinni og samkomulag milli aðila samkvæmt Samgöngusáttmála. Hagnaði, ef einhver er, skal einungis varið í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.
- 1.7 Stjórn SSH fer með eigendaumboð fyrir þau sveitarfélög, sem aðild eiga að félaginu, og kemur fram fyrir þeirra hönd innan félagsins og á hluthafafundum. Umboð þetta er óafturkallanlegt af hálfu einstakra sveitarfélaga á meðan hluthafasamkomulag þetta er í gildi.
- 1.8 Aðilar hluthafasamkomulags þessa hafa ákveðið að gera samkomulag þetta í þeim tilgangi að koma skipulagi á samskipti sín á milli vegna hlutafjäreignar sinnar í félaginu. Hluthafar skuldbinda sig til þess að beita atkvæðisrétti sínum á fundum stýrihóps og á hluthafafundum í félaginu með þeim hætti að samrýmist ákvæðum hluthafasamkomulags þessa.

## **2 STJÓRNSKIPULAG FÉLAGSINS**

### **2.1 Stýrihópur**

- 2.1.1 Að undirbúningi verkefnisins hefur unnið stýrihópur sem skipaður er forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins, auk þriggja fulltrúa sveitarfélaganna, þ.e. borgarstjóra Reykjavíkur, ásamt formanni og varaformanni SSH.
- 2.1.2 Aðilar eru sammála um að stýrihópurinn starfi áfram, m.a. í þeim tilgangi að tryggja upplýsingaflæði um framgang verkefnisins og stefnumarkandi mál. Stýrihópur kemur einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða félagið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna.
- 2.1.3 Komi upp ágreiningur tengdur samskiptum ríkis og sveitarfélaga við félagið, um túlkun á ákvæðum eða forsendum Samgöngusáttmálans, um fjármögnun eða ráðstöfun fjármuna, skal hann tekinn upp í stýrihópnum. Ákvarðanir sem teknar eru



af stýrihópnum skulu lagðar til staðfestingar fyrir stjórn félagsins eða eftir atvikum fyrir hluthafafund. Stýrihópur tekur einnig til umfjöllunar óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir sem varða félagið sbr. 3. gr.

- 2.1.4 Forsætisráðherra skal vera formaður stýrihópsins og boða til funda eins oft og talið er nauðsynlegt og ef einhver aðila í stýrihópnum óskar eftir að hópurinn komi saman.

## 2.2 Hluthafafundur – aðalfundur

- 2.2.1 Hluthafafundur fer með æðsta vald innan félagsins og skal framfylgja stefnu félagsins. Á hluthafafundi félagsins fer fjármála- og efnahagsráðherra (hér eftir ráðherra) með atkvæðisrétt ríkisins og formaður SSH með atkvæðisrétt fyrir hönd og í umboði sveitarfélaganna. Geta þeir veitt öðrum umboð til að fara með atkvæðarétt á fundinum fyrir þeirra hönd en óheimilt er að skipta atkvæðarétti upp eða fela fleiri en einum umboð til að fara með atkvæði fyrir þeirra hönd.

- 2.2.2 Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls og bera upp fyrirspurnir.

- 2.2.3 Aðalfundur félagsins skal að auki vera opinn öllum kjörnum fulltrúum eigenda félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum viðkomandi sveitarfélaga, og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins.

## 2.3 Stjórn félagsins

- 2.3.1 Stjórn félagsins skal skipuð sex (6) einstaklingum og tveimur (2) til vara. Ráðherra skal tilnefna þrjá (3) stjórnarmenn og einn (1) varamann, sem skal vera varamaður fyrir þá stjórnarmenn sem tilnefndir voru af ríkinu. SSH skal tilnefna þrjá (3) stjórnarmenn og einn (1) varamann, sem skal vera varamaður fyrir þá stjórnarmenn sem tilnefndir voru af SSH. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn innan stjórnar.

- 2.3.2 Við tilnefningu hluthafa á einstaklingum í stjórn skal horft til þess að stjórnin sé ávallt skipuð hæfum einstaklingum með fjölbreytta og haldgóða reynslu eða þekkingu sem hæfir félaginu og þjóni sem best hagsmunum þess. Gæta skal að jöfnu kynjahlutfalli við tilnefningu í stjórn félagsins.

- 2.3.3 Það er markmið hluthafa að festa verði til staðar í stjórn félagsins og að stefnt verði að því að sérfræðiþekking byggist upp innan stjórnarinnar til að tryggja að vel takist til með framkvæmd verkefnisins. Til að ná því markmiði skal við tilnefningu miða við að formaður geti setið að lágmarki í fjögur ár og stjórnarmenn að lágmarki í tvö ár.

- 2.3.4 Ráðherra skipar formann stjórnar félagsins án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna. Tilkynna skal Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fyrirhugað val á nýjum formanni með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund áður en val formanns er staðfest. SSH tilnefnir varaformann úr hópi stjórnarmanna og skal ráðherra jafnframt tilkynnt um fyrirhugað val með hæfilegum fyrirvara áður en það er staðfest. Stjórn skal á fyrstu tveimur vikum í starfi gera starfsáætlun um fjölda stjórnarfunda. Stefnt skal að því að stjórnarfundir séu ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fyrsta árið. Stjórn skal

setja sér starfsreglur þar sem kveðið verður nánar á um boðun funda og frágang fundargerða.

- 2.3.5 Stjórnarfundir félagsins eru lögmatir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað og meirihluti stjórnar sækir fund. Þó skulu stjórnarfundir ekki ályktunarhæfir til að taka meiriháttar ákvarðanir samkvæmt grein 3 nema allir stjórnarmenn sæki fundinn. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að láta fundi fara fram í gegnum síma, eða með öðrum rafrænum hætti, að ofangreindum skilyrðum varðandi boðun funda og fundargögn uppfylltum.
- 2.3.6 Stjórn félagsins ber ábyrgð á því að stefna félagsins eins og hún er mótuð í Samgöngusáttmálanum og af stýrihópi og stjórn sé framfylgt innan félagsins. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og hefur eftirlit með störfum hans.
- 2.3.7 Stjórn félagsins ber ábyrgð á framkvæmd framkvæmdaáætlunar Samgöngusáttmálans, samningagerð, eftirfylgni með samningum og fjármögnun verkefna félagsins.

## **2.4 Samhæfingarhópur**

- 2.4.1 Skal stjórn félagsins hafa forgöngu um að koma samhæfingarhóp á laggirnar og skal framkvæmdastjóri félagsins sitja í honum ásamt forstjóra Vegagerðarinnar, auk annarra sem tilnefndir eru af stjórn. Framkvæmdastjóri félagsins veitir vinnu hópsins forstöðu.
- 2.4.2 Samhæfingarhópur hefur það hlutverk að halda uppi virku samtali á milli aðila Samgöngusáttmálans um samhæfingu skipulagsmála, útfærslu umfangsmikilla verkefna framkvæmdaáætlunarinnar og vera vettvangur til að leysa úr álitamálum sem komið geta upp við framkvæmd verkefna félagsins.

## **2.5 Meginsjónarmið um opinberar framkvæmdir**

- 2.5.1 Í lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, er skilgreint að opinberar framkvæmdir skuli fylgja ákveðinni boðleið sem skiptist í fjóra áfanga. Áfangarnir fjalla um frumathugun, áætlanagerð, sjálfa verklegu framkvæmdina og skilamat. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að tryggja ákveðin gæði áætlanagerðar í undirbúningi og verklegum framkvæmdum. Miðað er við að félagið tryggi að farið sé eftir þessum sömu áföngum vegna uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

## **2.6 Aðkoma og eftirlit Alþingis og sveitarstjórna**

- 2.6.1 Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, fjármálaáætlunar og samgönguáætlunar hverju sinni skal stjórn félagsins upplýsa fjárlaganefnd að fyrri bragði ef stefnir í frávík kostnaðaráætlana framkvæmda framkvæmdaáætlunar Samgöngusáttmálans, sbr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991, um rétt fjárlaganefndar til að kalla eftir upplýsingum. Með því verklagi er tryggt að Alþingi verði upplýst um stöðu framkvæmda hverju sinni, fjármögnun þeirra og hvernig miðar við að ná meginmarkmiðum félagsins.

- 2.6.2 Stjórn félagsins skal sinna sams konar upplýsingagjöf gagnvart sveitarstjórnnum til að tryggja að sveitarfélögin hafi við afgreiðslu fjárhagsáætlana glöggar upplýsingar og yfirsýn yfir framgang samningsins.

### **3 ÓVENJULEGAR OG MIKLSHÁTTAR ÁKVARÐANIR**

- 3.1 Eftirfarandi ákvarðanir teljast óvenjulegar og mikilsháttar og verða ekki bornar undir hluthafafund nema þær hafi áður verið samþykktar af stýrihópi:
- 3.1.1 Ákvörðun um slit á félaginu og ráðstöfun á eignum.

### **4 RÉTTUR TIL UPPLÝSINGA**

- 4.1 Framkvæmdastjóri skal leggja fram á hverjum stjórnarfundum yfirlit yfir rekstur og stöðu helstu verkefna félagsins, þar með talið lykiltölur úr rekstri fyrir síðasta almanaksmánuð samanborið við áætlun, ásamt áætlun til næstu 12 mánaða fyrir rekstur og sjóðstreymi.
- 4.2 Stjórn félagsins getur kallað eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjóra um rekstur félagsins eða einstaka liði í reikningum þess. Umbeðnar upplýsingar skulu í öllum tilvikum vera aðgengilegar öllum stjórnarmönnum og varamönnum félagsins á sama tíma.
- 4.3 Stjórn félagsins skal, að lágmarki á 6 mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna félagsins. Stjórn félagsins skal veita stýrihópnum upplýsingar með reglubundnum hætti um stöðu og þróun meginmarkmiða Samgöngusáttmálans sem endurspeglast jafnframt í meginmarkmiðum félagsins.
- 4.4 Stýrihópurinn getur kallað eftir nánari upplýsingum frá stjórn félagsins um rekstur félagsins eða einstaka verkefni.
- 4.5 Hluthafa er heimilt að beina til stjórnar ósk um að afla nánari upplýsinga um rekstur félagsins eða stöðu einstakra verkefna.

### **5 HÖMLUR Á MEÐFERÐ HLUTA**

- 5.1 Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt að koma sér saman um innbyrðis breytingu á eignarhlutum félagsins. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en hluthafa.

### **6 SAMÞYKKTIR FÉLAGSINS**

- 6.1 Komi í ljós að einstökum ákvæðum samþykktar félagsins þurfi að breyta til samræmis við hluthafasamkomulag skal stjórn tafarlaust boða til hluthafafundar og færa samþykktir til samræmis við hluthafasamkomulag. Meiri hluti stjórnar og/eða prókúruhafi skulu tryggja að slíkar breytingar séu tilkynntar til fyrirtækjaskrár.
- 6.2 Komi í ljós að ákvæði þessa hluthafasamkomulags og samþykktar félaganna eru ósamrýmanleg þá skulu ákvæði hluthafasamkomulagsins ganga frammar í lögskiptum milli hluthafa. Hluthafar skulu þá ávallt leitast við að túlka samþykktir félagsins til

samræmis við efni og tilgang hluthafasamkomulags þessa og breyta samþykktum félagsins ef í ljós kemur að samþykktir og hluthafasamkomulagið eru ekki samhljóma.

## 7 TILKYNNINGAR

- 7.1 Allar tilkynningar sem aðilar senda sín á milli samkvæmt hluthafasamkomulagi þessu skulu vera skriflegar (þ.m.t. tölvupóstur), nema annað sé tekið fram, og sendar á eftirfarandi aðila:

Tilkynningum til ríkisins skal beint til:

Nafn: Fjármála- og efnahagsráðuneytis

Heimilisfang: Arnarhvoll við Lindargötu, 101 Reykjavík

Tölvupóstur: postur@fjr.is

Tilkynningum til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skal beint til:

Nafn: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Heimilisfang: Hamraborg 9, 200 Kópavogur

Tölvupóstur: ssh@ssh.is

Tilkynningum til Reykjavíkurborgar skal beint til:

Nafn: Reykjavíkurborg, vt. skjalavarsla borgarráðs

Heimilisfang: Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Tölvupóstur: borgarradsgogn@reykjavik.is

Tilkynningum til Garðabæjar skal beint til:

Nafn: Garðabær

Heimilisfang: Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Tölvupóstur: gardabaer@gardabaer.is

Tilkynningum til Hafnarfjarðarkaupstaður skal beint til:

Nafn: Hafnarfjarðarkaupstaður,

Heimilisfang: Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Tölvupóstur: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

Tilkynningum til Kópavogsbæjar skal beint til:

Nafn: Kópavogsbær, vt. skjalavarsla

Heimilisfang: Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Tölvupóstur: skjalavarsla@kopavogur.is

Tilkynningum til Mosfellsbæjar skal beint til:

Nafn: Mosfellsbær,

Heimilisfang: Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Tölvupóstur: mos@mos.is

Tilkynningum til Seltjarnarnesbæjar skal beint til:

Nafn: Seltjarnarnesbær,

Heimilisfang: Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Tölvupóstur: postur@seltjarnarnes.is

- 7.2 Hluthafar skulu tilkynna öðrum hluthöfum og stjórn verði breytingar á framangreindum upplýsingum.

## 8 SLIT Á FÉLAGINU

- 8.1 Áætlaður starfstími félagsins er 15 ár og skal félaginu slitið þegar það hefur lokið verkefnum sínum.
- 8.2 Við slit félagsins ganga eignir þess og skuldbindingar til eigenda í samræmi við eðli og gerð samgönguframkvæmda og eignarhluta eigenda. Einstökum mannvirkjum skal ráðstafað til þeirra sem bera ábyrgð á viðkomandi mannvirki samkvæmt gildandi lögum hverju sinni og samkomulagi milli aðila. Aðrar eignir félagsins, ef einhverjar eru, renna til eigenda eða til verkefna sem þeir ákveða að fjármagna.

## 9 ÝMISLEGT

- 9.1 Allar breytingar á hluthafasamkomulagi þessu skulu vera skriflegar og samþykktar af öllum aðilum þess.
- 9.2 Ef einhver ákvæði hluthafasamkomulags þessa verða dæmd ógild af dómstólum, skal samkomulagið halda gildi sínu að öðru leyti.
- 9.3 Töf eða aðgerðaleysi af hálfu aðila gagnvart brotum á hluthafasamkomulagi þessu skal ekki teljast þegjandi samþykki fyrir því að heimilt sé að brjóta ákvæði þess.
- 9.4 Hluthafasamkomulag þetta er gert í jafnmörgum eintökum og fjöldi aðila þessa samkomulags.

9.5 Hver og einn aðili staðfestir með undirritun sinni á hluthafasamkomulag þetta að aðild hans að þessu samkomulagi brjóti ekki gegn neinum samningum sem hann er aðili að eða öðrum skuldbindingum sem á honum hvíla.

## 10 GILDISTÍMI

10.1 Hluthafasamkomulag þetta er bindandi milli aðila og gagnvart hluthöfum á meðan þeir eru hluthafar í félaginu.

Reykjavík, 2020

f.h. íslenska ríkisins

f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

f.h. Garðabæjar

**S a m þ y k k t i r**  
**fyrir hlutafélagið**  
**Betri samgöngur ohf.**

---

**Nafn félagsins, heimili og tilgangur**

**1. gr.**

Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess „Betri samgöngur“ ohf.

Heimilisfang félagsins er í Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík.

Félagið er stofnað með heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

**Meginmarkmið og verkefni félagsins**

**2. gr.**

Meginmarkmið félagsins skulu vera eftirfarandi:

- a) Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta.
- b) Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð.
- c) Að stuðla að auknu umferðaröryggi.
- d) Að tryggja samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skilvirka framkvæmd og trausta umgjörð samgangna.

Meginverkefni félagsins skulu vera:

- a) Að halda utan um fjármögnun á uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu og hrinda þeirri uppbyggingu í framkvæmd.
- b) Að fara með heildstæða áætlanagerð og áhættustýringu.
- c) Að hafa yfirumsjón með samræmingu verkefna og meta forgangsröðun.
- d) Að fylgja því eftir að sveitarfélögin vinni að nauðsynlegum breytingum á skipulagsáætlunum.
- e) Að innheimta flýti- og umferðargjöld á höfuðborgarsvæðinu, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á, og byggja upp innviði slíkrar innheimtu.
- f) Að annast þróun á landi sem lagt verður til félagsins með það að markmiði að ná fram hámarksáætlun á virði þess.

Félagið gerir samning við Vegagerðina, eða eftir atvikum einstök sveitarfélög fari þau með tilteknar framkvæmdir, um framkvæmd einstakra verkefna sem falla innan hlutverks félagsins. Félaginu er einnig heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Félagið annast yfirumsjón og eigendaeftirlit með uppbyggingu samgöngumannvirkja gagnvart Vegagerðinni, eða eftir atvikum öðrum aðilum, þ.m.t. vegna áætlanagerðar og áhættustýringar í samræmi við hlutverk þess. Í slíkum samningi skal eftir atvikum skilgreina þátt tiltekinna sveitarfélaga í einstökum verkefnum.

### **Yfirtaka og þróun lands í eigu ríkisins**

#### **3. gr.**

Félagið skal með sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið taka við landi í eigu ríkisins við Keldur í Reykjavík ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast og telst það hluti af hlutfjárframlagi ríkisins. Í samningnum skal m.a. ákvarða afmörkun lands og skilyrði afhendingar þess til félagsins.

Allur ábati af þróun og sölu landsins skal renna óskertur til verkefnisins um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Félagið skal annast þróun landsins í samvinnu við skipulagsyfirvöld með það að markmiði að hámarka virði landsins og uppbyggingarmöguleika þess eins og kostur er. Við þróun landsins skal félagið hafa náið samráð við skipulagsyfirvöld er lýtur að skipulagsmálum, lóðarmálum og hönnun samgönguframkvæmda.

### **Hlutfé félagsins**

#### **4. gr.**



Hlutfé félagsins greiðist úr ríkissjóði og er á stofnfundi kr. 4.000.000 – fjórar milljónir króna- og skiptist í jafn marga hluti. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnvirði. Hlutir skulu hljóða á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

#### 5. gr.

Ríkissjóður fer við stofnun félagsins með 75% eignarhluta og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnafjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær, samtals 25%. Eigendum er þó heimilt að koma sér saman um aðra skiptingu á eignarhlutum í félaginu.

Fjármála- og efnahagsráðherra skal fara með hlut ríkisins. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skal fara með hluti sveitarfélaganna í félaginu í þeirra umboði.

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt að koma sér saman um innbyrðis breytingu á eignarhlutum félagsins.

Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en stofnenda félagsins. Félagið hefur forkaupsrétt að fölum hlutum og hluthafar að því frágengnu.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar að fenginni heimild í fjárlögum að hálfu ríkisins og samþykktum fjárhagsáætlunum að hálfu sveitarfélaga. Öðrum en hluthöfum félagsins er óheimilt að skrá sig fyrir nýju hlutfé.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

#### 6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða tölvuskrá hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a) Hluti í númeraröð.
- a) Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölu.
- b) Skráningardag eigendaskipta.

Stjórn félagsins skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.

#### 7. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, önnur en þau sem greind eru í samþykktum þessum.

### **Hluthafafundir**

#### **8. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmæts hluthafafundar.

Á hluthafafundi félagsins fer fjármála- og efnahagsráðherra með atkvæðisrétt ríkisins og formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með atkvæðisrétt fyrir hönd og í umboði sveitarfélaganna. Geta þeir veitt öðrum umboð til að fara með atkvæðarétt á fundinum fyrir þeirra hönd en óheimilt er að skipta atkvæðarétti upp eða fela fleiri en einum umboð til að fara með atkvæði fyrir þeirra hönd.

Aðalfundur skal haldinn á heimili félags eða þar sem stjórn ákveður að hann skuli haldinn hverju sinni, að jafnaði fyrir lok júní ár hvert.

#### **9. gr.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafa, með rafrænum hætti eða á annan jafn sannanlegan hátt, með að lágmarki 14 daga fyrirvara. Skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls og bera upp fyrirspurnir.

Aðalfundur félagsins skal að auki vera opinn öllum kjörnum fulltrúum eigenda félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum viðkomandi sveitarfélaga, og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins.

#### **10. gr.**

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundi. Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi nema þess hafi verið getið í fundarboði, eða með sérstöku samþykki hluthafa.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

#### 11. gr.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess;

- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
- b) að takmarka heimild aðila til meðferðar á hlutum sínum, umfram það sem áður er getið;
- c) að breyta ákvæðum samþykktar um hlutdeild aðila í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli, hvort sem er innan hlutaflokka eða milli hlutaflokka félagsins.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferða á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

#### 12. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
- c) Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
- d) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.
- e) Starfskjarastefna stjórnar skal tekin fyrir til staðfestingar.
- f) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
- g) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

Stjórn félagsins skal boða til aukafundar eftir ákvörðun hennar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða yfir a.m.k. einum tuttugasta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan 14 daga. Ef stjórnin

skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

### **Stjórn félags og framkvæmdastjórn**

#### **13. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara og skal val þeirra staðfest á aðalfundi ár hvert. Ráðherra tilnefnir þrjá aðalmenn og einn varamann og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tilnefna þrjá aðalmenn og einn varamann. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna. Tilkynna skal Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fyrirhugað val á nýjum formanni félagsins með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund, áður en val formanns er staðfest.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er leggja áherslu á gott samráð og samvinnu við helstu hagsmunaaðila þeirra verkefna félaginu er ætlað að sinna.

Stjórn skal horfa til almennrar eigandastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög varðandi rekstur og stjórnarhætti félagsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu 5 árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

#### **14. gr.**

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skal afrit af undirrituðu eintaki gert aðgengilegt öllum stjórnarmönnum.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna eða, eftir atvikum, varamenn þeirra sækja fund. Komi til atkvæðagreiðslu um afgreiðslu mála í stjórn skal einfaldur meiri hluti ráða niðurstöðu. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn innan stjórnar.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Þeir skulu jafnframt upplýsa stjórn um hagsmunatengsl eða önnur atriði sem eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa.

#### **15. gr.**

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem skal hafa haldgóða menntun og reynslu af stjórnun sambærilegra verkefna eða félaga. Stjórn ákveður laun framkvæmdastjóra og starfskjör. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmann sem framkvæmdastjóra.

Stjórnin veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu annarra starfsmanna félagsins.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

### **Reikningar félagsins og endurskoðun**

#### **16. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal á hverju ári semja ársreikning fyrir félagið og skal stjórnin hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda. Skal gera tillögu um að ríkisendurskoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum. Endurskoðaðan ársreikning skal leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Birta skal ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikning félagsins á vef félagsins.

## **Breytingar á samþykktum félagsins.**

### **17. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi í samræmi við samþykktir þessar eða lög um hlutafélög.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda, þó í samræmi við samkomulag aðila frá 26. september 2019 eftir því sem við á.

### **Önnur ákvæði**

### **18. gr.**

Félagið skal birta samþykktir þessar á vef félagsins.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann      ágúst 2020

Við undirritaðir aðilar, gerum um stofnun opinbers hlutafélags svohljóðandi

## STOFNSAMNING

### 1. gr.

Heiti félagsins er „Betri samgöngur“ ohf. Heimilisfang félagsins er í Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Félagið er stofnað með heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningssamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 (Samgöngusáttmáli). Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

Þá skal félagið með sérstökum samningi taka við landi ríkisins að Keldum eða öðru sambærilegu landi og þeim réttindum sem því tengjast og sjá um þróun þess í samvinnu við viðeigandi skipulagsyfirlönd með það að markmiði að hámarka virði landsins og uppbyggingu þess, sbr. 7. gr. laga nr. 81/2020. Félagið skal taka við verðmæti landsins og réttindum því tengdu sem auknu hlutafé að hálfu ríkisins. Afkoma af þróun landsins skal nýtt til fjármögnunar fyrrgreindra framkvæmda og reksturs félagsins.

Hagnaði ef einhver er skal einungis varið til uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.

Við slit félagsins ganga eignir þess og skuldbindingar til eigenda í samræmi við eðli og gerð samgönguframkvæmda og eignarhluta eigenda. Einstökum mannvirkjum skal ráðstafað til þeirra sem bera ábyrgð á viðkomandi mannvirki samkvæmt gildandi lögum hverju sinni og samkomulagi milli aðila. Aðrar eignir félagsins, ef einhverjar eru, renna til eigenda eða til verkefna sem þeir ákveða að fjármagna.

### 3. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 4.000.000 - fjórar milljónir króna - og skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þar af. Hlutir skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hver hlutur skal vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirra.

**4. gr.**

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir og hafa þeir skrifað sig fyrir hlutum með neðangreindum hætti:

Nafn	Kennitala	Nafnverð hlutaf.	Hlutfall %
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	3.000.000,-	75%
Reykjavíkurborg	530269-7609	563.390,-	14,085%
Garðabær	570169-6109	72.704,-	1,818%
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	128.817,-	3,220%
Kópavogsbær	700169-3759	162.970,-	4,074%
Mosfellsbær	470269-5969	51.847,-	1,296%
Seltjarnarnesbær	560269-2429	20.272,-	0,507%

Allt hlutafé er að fullu greitt með peningum.

**5. gr.**

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagssjóði. Áætlaður kostnaður við stofnun er kr. 250.000,-.

**6. gr.**

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt að koma sér saman um innbyrðis breytingu á eignarhlutum félagsins. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en stofnfjáreigenda.

**7. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara og skal val þeirra staðfest á aðalfundi ár hvert. Stofnfundur kýs stjórn og endurskoðanda til fyrsta aðalfundar.

**8. gr.**

Stofnendur gera með sér sérstakt hluthafasamkomulag þar sem nánar er kveðið á um samstarf hluthafa í félaginu, innan marka stofnsamnings þessa.

Stjórn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fer með eigendaumboð sveitarfélaganna í félaginu.

**9. gr.**

Drög að samþykktum félagsins er hluti af stofnsamningi þessum.

Öllu framanrituðu til staðfestu rita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.



Reykjavík, 2020.

---

---

f.h. íslenska ríkisins

---

---

f.h. Samtaka sveitarfélaga  
á höfuðborgarsvæðinu

---

---

f.h. Reykjavíkurborgar

---

---

f.h. Kópavogsbæjar

---

---

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

---

---

f.h. Mosfellsbæjar

---

---

f.h. Seltjarnarnesbæjar

---

---

f.h. Garðabæjar